


## um helgina



Bragi við eina mynda sinna, „Litla stúlkan og heimurinn“, en hann byrjaði á henni á barnaárinu og lauk við hana nýlega. Ljós. — eik —

## Bjartsýni er gott eldsneyti

segir Bragi Ásgeirsson, sem opnar sýningu á Kjarvalsstöðum í dag

„Ég hef gengið fyrir bjartsýni í sumar. Það er gott eldsneyti“, sagði Bragi Ásgeirsson listmálari, sem opnar í dag, laugardag, sýningu á Kjarvalsstöðum. Það er ekki út í hött að Bragi segist vera bjartsýnn, enda fékk hann í vor sem leið bjartsýnisverðlaunin í Kaupmannahöfn og er í ár á launum hjá Reykjavíkurborg við list sína.

„Í vetur get ég því tekið mér fri frá kennslu. Ég er afslappaður og vel undir það búinn að helga mig eingöngu málverkinu. Ég hef

málað í gríð og erg í sumar og er að koma frá mér ýmsum hugmyndum. Maður þarf að stokka spilin af og til, hreinsa til og byrja

upp á nýtt. Eiginlega þyrfti maður að lifa í 300 ár til að ná einhverjum þroska. Nóbels hafinn Elias Canetti sagði að mannsævin væri allt of stutt. Ef menn lifðu lengur væru þeir ekki svona grimmir og færur betur með líf sitt.“

„Þegar ég er upplagður! Hvenær sem er, — helst þegar birtan er góð. Ég er duglegri yfir veturinn, en það er betra að mála á sumrin.“

„Og hvað ferðu að gera núna?“

„Ég held áfram að mála af kappi. Síðan fer ég til Danmerkur að vinna við grafík. Það er orðið langt síðan ég hef fengið við grafík öðru vísi en að kenna hana. Það er hætt við því að maður gleymi sjálfum sér, þegar maður kennir stöðugt það sem maður vill fást við. Ég hlakka til að glíma við grafíkina aftur“, sagði Bragi að lokum.

Sýning hans, sem nefnist 88 myndverk, verður opin til 10. október.

þs

## Sýning Errós framlengd

Sýning Errós í Norræna húsinu hefur nú verið framlengd og gefst mönnum kostur á að skoða verk hans til sunnudagskvölds. Rúmlega 3000 manns hafa komið og skoðað sýninguna sem lýkur sem fyrr segir sunnudagskvöldið 26. september kl. 22.

## Grafík í Norræna

Í gær var í anddyri Norræna hússins opnuð sýning á verkum sænsku listakonunnar Helmtrud Nyström. Sýningin verður opin daglega kl. 9-19 nema á sunnudögum kl. 12-19. Henni lýkur 3. október.

Helmtrud Nyström er fædd í Þýskalandi en hefur lengi verið búsett í Svíþjóð og hlotið menntun sína þar. Hún hefur haldið fjölda einkasýninga víðs vegar um heim og tekið þátt í samsýningum m.a. í Þýskalandi, London, Venezuela, París og víðar. Þá hefur hún hlotið alþjóðleg verðlaun og styrki og verk hennar prýða listasöfn á Norðurlöndum, Þýskalandi og í Póllandi.

Helmtrud Nyström er nú stödd hér á landi á leið til Bandaríkjanna til þess að sýna ásamt Jóhönnu Bogadóttur í boði World Print Council í San Francisco.

## Ný sýning á Lækjartorgi

Laugardaginn 25. september verður opnuð sýning á verkum Eriku Stumpf í Gallerí Lækjartorgi. Á sýningunni eru verk unnin með fjölbreyttri tækni.

Erika Stumpf er Þjóðverji sem hóf listnám sitt í textílhönnun en



hélt síðar áfram í málaralist og grafík. Hún hefur sýnt víða, m.a. í Þýskalandi, Hollandi og á Ítalíu.

Ljósmyndasýningin í Listmunahúsinu:

## Síðasta sýningarhelgi

Nú um helgina lýkur í Listmunahúsinu ljósmyndasýningunni „Ann að sjónarhorn“. Sýningin verður opin kl. 14-18 á laugardag og sunnudag. Þar sýnir svissneski ljósmyndarinn Schmid, en hann hefur haldið sýningar víða um heim og myndir hans hafa birst í víðlesnum tímaritum.



## Þrennir tónleikar UNM

Nú um helgina lýkur Ung nordisk musik festival og jafnframt er þá hápunktur hátíðahaldanna. Haldnir verða þrennir hljótleikar m.a. hljómsveitarhljótleikar UNM en þeim stjórnar frægur bandarískur stjórnandi, Arthur Weisberg. Hljómsveitina mynda um 85 þátttakendur á tónlistardögnum.



## Textílsýningunni að ljúka

Textílsýningunni í ASÍ salnum lýkur nú um helgina, svo það eru síðustu forvöð að sjá þessa fallegu sýningu. Það eru 6 konur sem eiga verkin á sýningunni. Þær heita Eva Vilhelmsdóttir, Ina Salóme, Ingi-björg Styrgerður Haraldsdóttir, Kristín Jónsdóttir, Salóme Fannberg og Sigurlaug Jóhannsdóttir. Þær sjást hér að setja sýninguna upp, en Evu vantar á myndina. Sýningin er opin frá 14 – 22 um helgina, en síðasti sýningardagur er sunnudagurinn.



Fallegar ullarvoðir frá Gefjun, hannaðar hjá hinu þekktu Kvadrat-fyrirtæki í Danmörku.

## Kjarvalsstaðir um helgina

Auk sýningar á verkum Braga Ásgeirssonar er í austursal Kjarvalsstaða sýning á verkum Bertels Thorvaldsen og eru verkin á sýningunni sem eru 75 talsins fengin frá Thorvaldsen safninu í Kaupmannahöfn. Aðgangur er ókeypis.

Þá er í vesturforsal sýning á gluggatjöldum, áklæðum og værdarvoðum frá Gefjun. Er sýningin sett upp í samvinnu við Epal sem kynnrir og selur þann hluta framleiðslunnar sem hannaður er af Kvadrat a/s í Danmörku.

## „Annarskonar ánægja“

Um þessar mundir heldur Fred Bólter sína fyrstu einkasýningu að Hamragörðum við Hávallagötu 24. Á sýningunni sem nefnist „Annarskonar ánægja“ eru um 35 verk unnin í olíu og vatnsliti. Sýningin verður opin frá kl. 14-22 um helgina og er aðgangur ókeypis. Henni lýkur á sunnudagskvöld.